

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Katrínu Jakobsdóttur
um ráðningar starfsmanna ráðuneytisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvaða aðstoðarmenn, ráðgjafar eða starfsmenn í sérverkefnum, í fullu starfi eða hluta-
starfi, hafa verið ráðnir til starfa í utanríkisráðuneytinu frá og með 1. júní 2013 án þess að
störfin væru auglýst? Óskað er eftir upplýsingum um nöfn starfsmanna, verkefni sem þeir eru
ráðnir til að sinna og lengd ráðningartíma.*

Utanríkisráðuneytið hefur ekki ráðið ráðgjafa eða starfsmenn í sérverkefni, hvorki í fullt
starf né hlutastarf, frá 1. júní 2013. Ráðherra réð Margrėti Gísladóttur sem aðstoðarmann sinn
frá 1. júní 2013 og Sunnu Gunnars Marteinsdóttur frá 5. september s.á., sbr. 22. gr. laga nr.
115/2011, um Stjórnarráð Íslands. Margrét gegnir nú starfsskyldum sínum í forsætisráðu-
neyti. Aðstoðarmenn ráðherra eru í formlegu ráðningarsambandi við forsætisráðuneyti óháð
því hvar þeir gegna starfsskyldum sínum.